

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir starfsmenn hennar flytjast til rannsóknar-lögreglu ríkisins, hverjir til lögreglustjórans í Reykjavík og hverjir starfi áfram við sakadómaraembættið í Reykjavík.

Hann ákveður einnig um skiptingu tækjabúnaðar.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 109.

28. desember 1976.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði,
lögreglustjórn, tollstjórn o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfégetaembætti, sakadómara-
embætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2.
gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og
uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun
sveitarfélaga nr. 54/1971.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórnin í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknar-
lögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál,
er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum
lögum.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð
undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

5. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru
í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Jafnframt er felld úr gildi lokasetning 3. mgr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnu-
hæli, nr. 38/1973.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

31. desember 1976.

Nr. 110.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem skulu nema kr. 150.00 fyrir hvern íbúa sveitarfé-
lags miðað við Þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.
- b. 0.35% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945,
um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag rikissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt staf-
liðum a og b þessarar greinar.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveit-
arfélagum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af
völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum
tjónum eða fá þau bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga nr. 52 frá 27. maí 1975, um
Viðlagatryggingu Íslands.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er
fólginn í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn
setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldar-
ábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði
sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af
hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveit-